


Fjallabyggð



Íþróttá- og tómstundamál

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012
Starfsáætlun

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2012

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2012

Íþróttamál – Greinargerð

Inngangur

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir íþróttta- og tómstundamál. Farið var yfir stöðuna og skoðað hvar eru möguleikar í hagræðingu og sparnaði. Hafa þarf í huga frístundastefnu Fjallabyggðar og þau framtíðarmarkmið sem þar hafa verið sett. Gengið var út frá því að spara í rekstri mannvirkja líkt og árið 2011 og koma meira fjármagni beint til íþróttafélaga í þeirra starfsemi.

Líkt og 2011 þá er stærsti partur sem skoðaður er hér er íþróttamiðstöð Fjallabyggðar, enda er hún með um 50% af heildarkostnaði 06 málaflokksins.

Eftir villu sem kom í ljós við útreikning þurfti að skera aukalega niður um 4,5 milljónir. Sú vinna var unnin af Íþróttta- og tómstundafulltrúa í samráði við bæjarstjóra á mjög stuttum tíma og er því hætt við að einhverjar villur geti komi í ljós.

Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar

Við erum enn að vinna okkur upp í það að vera með heilt ár án breytinga. Síðast vorum við að sameina stofnanirnar og setja einn forstöðumann yfir báðum stöðum. Nú erum við með „nýtt“ svæði í Ólafsfirði og því ekki komin reynsla allt árið. T.d. notkun á vatni, aðsókn og fleira. Þetta gerir áætlunarvinnu erfiðari þar sem við höfum ekki heilt ár til að bera okkur saman við.

Sparnaður árið 2012 liggur í eftirfarandi þáttum:

- Aðgerðum til að lækka vatnsnotkun
- Hagræðing í vaktatöflu og losna þannig við yfirvinnu
- Einhver sparnaður kemur í lækkingu rekstarkostnaðar og almennri hagræðingu
- Hækkun gjaldskrár í sund (stærsti liðurinn)
 - Tekið skal sérstaklega fram að verið er að hækka mest staka gjaldið og árskort sem og 10 og 30 miða kort eru lækkuð umtalsvert. Með þessu móti er verið að hækka gjald á ferðamenn og heimamenn njóta góðs af.

Framtíðaróskir – Íþróttamiðstöð

Þarf að klára framtíðarskipulag á svæðinu á Siglufirði. Hvernig ætlum við að hafa útisvæðið, hvað margir pottar? Tengingangur yfir í íþróttamiðstöð var settur upp til bráðabirgða og svo þarf að huga sérstaklega að svæðinu sunnan og vestan við íþróttahúsið.

Einnig þarf að hafa í huga breytingar á tækjasal í Ólafsfirði. Fyrir liggur tillaga frá áhugahópi um stækkun á húsnæðinu.

Styrkir til íþróttafélaga

Styrkir til íþróttafélaga hafa verið í frekar föstum skorðum undanfarin ár og ekki miklar hækkanir þar í gangi, við náðum þó að hækka beina styrki vegna barna og unglíngastarfs árið 2011 með aðgerðum sem beindust að sparnaði í rekstri mannvirkja. Sama tala er frá síðasta ári, þ.e. 6.250.000. Ýmsir samningar eru í gangi þar sem búið að er að skuldbinda Fjallabyggð nokkur ár fram í tímann. Íþróttafélögin treysta mjög á þessa föstu styrki sem þau hafa fengið hjá Fjallabyggð og myndi skerðing á þeim potti geta haft mjög alverleg áhrif á íþróttastarf í Fjallabyggð. Markmið nefndarinnar eins og fram hefur komið, var að lækka ekki tölur í styrki, frekar að hækka þær. Styrkir 2012 eru eftirfarandi:

- Skíðafélög Fjallabyggðar vegna samvinnu: kr. 500.000.-.
- Skáfélag Siglufjarðar til eflingar skákíþróttinni í Fjallabyggð: kr. 100.000.-.
- Blakklúbbarnir á Siglufirði vegna stofnkostnaðar við strandblakvöll á Siglufirði: kr. 150.000.-.
- Blakklúbbarnir á Siglufirði vegna Öldungablakmóts í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð: kr. 600.000.-.
- Snerpa vegna Baldurs Ævars: 300.000.-.

Rekstur íþróttasvæða

Um er að ræða tvo knattspyrnusvelli og tvö skíðasvæði.

Skíðasvæði er í rekstri hjá Valló ehf. Til 30. september 2012

Knattspyrnusvæði í Fjallabyggð eru í rekstri hjá KF til 30. september 2012.

Þar sem starfsmönnum íþróttasvæða var sagt upp vegna breytinga (ÓHI reyndar færður til í starfi) eru engir starfsmenn á skíðasvæðinu. Verið er að semja við Skíðafélag Ólafsfjarðar um rekstur skíðasvæðisins í Tindaöxl í Ólafsfirði út veturinn 2011/12

Munu því öll ofangreind svæði vera laus undan samningum haustið 2012.

Ef bjóða á út svæðin þarf það að gerast ekki seinna en um vorið 2012.

Ekki er víst að nýtt útboð skili hagstæðari samningum. Þó svo að mikil aukning hafi verið á skíðasvæðið á Siglufirði hefur rekstrarkostnaður hækkað mikið, t.a.m. eldsneytisólía.

Nefndin leggur til sparnað í viðhaldi á grasi, miðað við áætlun og raunkostnað fyrir árið 2011 ætti það að vera raunhæft, svo framarlega sem við lendum ekki neinu óvæntu eða grasið komi mjög illa undan vetri.

Framtíðaróskir - íþróttasvæði:

Vinna þarf markvisst að því að byggja upp skíðasvæðið í Skarðsdal samkvæmt tillögum uppbyggingarnefndar.

Endurnýja þarf aðstöðu á knattspyrnuvelli í Ólafsfirði, þ.e. litla vallahúsið sem er upp í austur brekkunni.

Vinnuskóli:

Vinnuskóli Fjallabyggðar er að mestum hluta (99%) launakostnaður nemenda og flokksstjóra. Vinnuskóli vinnur mikilvægt verkefni við hreinsun og umhirðu í Fjallabyggð. Skerðing á þessum lið þýðir minni umhirða. Möguleiki á sparnaði liggur í færri vikum sem krakkarnir fá

að vinna. Fjöldi nemenda undanfarið og verkefnastaða hefur hins vegar verið þannig undanfarin ár að ekki má missa mikið frá til að geta sinnt föstum verkefnum. Ef vinnuskólinn vinnur ekki verkið, þá þarf einhver annar að gera það.

Ákveðið var að skera niður um 2,5 milljónir í launum í vinnuskóla. Þetta þýðir um 15% niðurskurð. Verður því ekki um sama tímafjölda fyrir unglinga að ræða og undanfarin ár. Svo fer það alveg eftir fjölda nemenda sem sækjast eftir vinnu, hvað hægt verður að bjóða upp á margar vikur í vinnu. En þær verða klárlega færri en undanfarin ár.

Við reiknum með því að útseld vinna vinnuskóla verði reiknuð með u.þ.b. 20% álagi. Launaáætlun er um 14 milljónir og útseld vinna verður um 16,7 milljónir.

Framtíðaróskir – Vinnuskóli

Mjög mikilvægt að styrkja faglegan grunn vinnuskóla sem skóla. Gera þarf meira úr námskeiðum tengdum vinnutækni og því að styrkja flokksstjórnann í að vera leiðtogi og kennari. Búið er að áætla kostnað í það og unnið er í samvinnu við SÍMEY og önnur sveitarfélög að námskeiðum fyrir flokksstjóra. Gerð var tilraun að slíku námskeiði í vor og tókst mjög vel.

Félagsmiðstöð:

Félagsmiðstöðvar voru sameinaðar í eina 1. október 2010. Er einn forstöðumaður og keyrt er með krakkana á milli, því bara opið á öðrum staðnum í einu. Með þessu náðist að hafa tvo starfsmenn á vakt hverju sinni, sem eykur öryggi mjög mikið. Heildarkostnaður á rekstri félagsmiðstöðvar er mjög lítið hlutfall af heildarkostnaði málaflokksins. Unnið er að breytingum tengdum Tónskóla Fjallabyggðar og Tjarnarborg. Þegar tónskólinn fer inn í húsið þarf að gera breytingar á aðstöðumálum félagsmiðstöðvar. Íþrótt- og tómstundafulltrúi og Skólástjóri Tónskóla hafa lagt fram minnisblað um nýtingu á húsinu.

Gera þarf breytingar á eignarsjóðsmálum. Í fyrsta lagi skal það tekið frama að leiga félagsmiðstöðvarinnar hefur hingað til verið mjög lítil og er því um að ræða miklar prósentu breytingar. Fræðslu- og menningarfulltrúi hefur tekið saman skiptinguna:

Verður hlutdeild félagsmiðstöðvar í leigu árið 2012, kr. 555.000. Áætlun gerir ráð fyrir kr. 320.000 í Ólafsfirði og er búið að hækka leiguáætlun um um kr. 235.000

Hlutdeild í rafmagni verður kr. 50.000 (10.000 á mánuði í 5 mánuði) + 46.000 (fyrstu 7 mánuðirnir): Heildarkostnaður við rafmagn árið 2012 er því 96.000 og er búið að hækka áætlaðan rafmagnskostnað um kr. 17.000.

Hafa má í huga við þessar breytingar möguleikann á að setja upp starfsemi fyrir 16 ára og eldri í húsið. Með tilkomu starfsmanns í fullt starf ætti að opnast möguleiki á að opna húsið fyrir þessum aldri.

Einnig þarf að hafa í huga fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs, að þetta er hlutfallað og mun hækka meira fyrir félagsmiðstöðina árið 2013.

Framtíðaróskir -Félagsmiðstöð

Finna þarf varanlega lausn á húsnæðismálum félagsmiðstöðvar. Þegar tónskóli fer í Tjarnarborg mun það breyta húsnæðismálum í Ólafsfirði, eru allar vonir við það að sú tilfærsla verði af hinu góða. Hins vegar þarf athuga hvað verður um félagsmiðstöðina á Siglufirði þegar húsnæði grunnskólans við Hlíðarveg verður lagt af sem skólahúsnæði. Möguleikar í stöðunni eru nokkrir, t.d. að vera áfram í núverandi húsnæði við Hlíðarveg ásamt annarri starfsemi, spurning hvort það sé möguleiki á að fara skólahúsnæði við Norðurgötu. Íþrótt- og tómstundafulltrúi telur það ekki góðan kost að hafa eitt húsnæði,

þ.e. að annar byggðarkjarninn keyri alltaf í aðra áttina og leggur undirritaður áherslu á að félagsmiðstöðin verði áfram í báðum byggðarkjörnum.

Golfvellir

Reksrarframlag Golfvallanna í Fjallabyggð er kr. 1.500.000,- á hvorn golfklúbb.

Framtíðaróskir Golfvellir:

Þessi mál komin í farveg og samningar til um framhaldið.

Hestasvæði

Styrkur vegna reiðskemmu á Siglufirði er kr. 350.000 á Siglufirði.

Frístundastyrkurinn

Upphæð á hvern einstakling helst óbreytt frá síðasta ári. Reynslan er hins vegar sú (í byrjun desember) að innan við 40% styrkjanna hafa skilað sér inn. Var það því ein leið í að ná saman endum í fjárhagsáætlun, að áætla að ekki skili sér allt inn aftur. Því var sú tala lækkuð og gert er ráð fyrir því að um 70% styrkja skili sér inn árið 2012.

Önnur eignarmál

Húsnæði Aladín:

Málið er komin í farveg hjá Bæjarráði og er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun að Fjallabyggð kaupi húsið (Eignarsjóður) og mun málaflokkurinn leigja húsnæðið af Eignarsjóði. Áætluð leiga árið 2012 er kr. 1.000.000.-

Snjótroðari í Ólafsfirði.

Óklárað mál frá 2011:

Fyrir sameiningu var keyptur snjótroðari á nafni skíðafélagsins. Sveitarfélagið greiðir hins vegar af láninu og sér um allan rekstur troðarans og hefur alltaf gert. Nefndin vill að kannað verði hvort hægt sé að færa eignarhald á troðaranum yfir á Fjallabyggð þar sem ljóst þykir að sveitarfélagið er sá sem á troðarann.

Fjárhagsáætlun

Sjá fylgiskjal: fjárhagsáætlun málaflokks 06

Gísli Rúnar Gylfason
Íþrótt- og tómstundafulltrúi